## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

*Bráðabirgðalög, er banna að flytja vopn og skotföng frá Íslandi til Kína*, undirskrifuð af konungi 15. ágúst 1900 (A, nr. 24, bls. 116—117).

*Auglýsing um pest í Glasgow o. fl*, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 5. september 1900 (A, nr. 25. bls. 117—118).

## Auglýsing

um

kosning til alþingis á þingmanni fyrir Strandasýslu. **126** 14. nóvbr.

Með því að kosning sú til alþingis, sem fram átti að fara í Strandasýslu í septembermánuði síðastliðnum, fórst fyrir sökum óveðurs hinn ákveðna kjördag, hefi jeg samkvæmt 27. gr. laga um kosningar til alþingis 14. septbr. 1877 kveðið svo á um, að kosning á einum þingmanni fyrir nefnda sýslu til alþingisfarar, skuli fram fara í maímánuði næsta ár.

Fyrir því skipa jeg svo fyrir, að á nefndum tíma — í maímánuði n. á. — skuli kosning til alþingis framfara í tjeðri sýslu samkvæmt því, sem fyrir er mælt um í umgetnum kosningarlögum.

Þetta kunngjörist hjermeð til eptirbreytni.

Reykjavík 14. nóvbr. 1900.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

**Magnús Stephensen.**

**Jón Magnússon.**

**Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu* **um sveitarstyrk veittan tveim ómögum.** **127** 8. nóv. — Í brjefi yðar, dagsettu 21. júní þ. á, hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi með fylgiskjölum frá hreppsnefndinni í Norðfjarðarhreppi í Suðurmúlasýslu, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 8. nóvbr. f. á., um kröfu nefnds hrepps á hendur Ljósavatnshreppi í Þingeyjarsýslu um styrk veittan handa 2 börnum Friðfinns nokkurs Halldórssonar, sem sveitlægur er í síðarnefndum hreppi. Málið er svo vaxið:

Þann 27. nóvbr. 1893 ákvað hreppsnefndin í Norðfjarðarhreppi að veita Sveini nokkrum Sveinssyni í Hellisfirði sveitarstyrk, samkvæmt beiðni hans, til framfærslu honum og hyski hans, en á heimili hans voru 7 manns að honum sjálfum meðtöldum, þar á meðal tvö dótturbörn hans skilgetin, börn Friðfinns Halldórssonar, sem vitanlegt var, að framfærslusveit átti í Ljósavatnshreppi. Á umgetnum fundi sínum ákvað hreppsnefnd Norðfjarðarhrepps, að af 102 kr. 46 a. af sveitarsjóði til að kaupa fyrir matbjörg, sem þegar áður á sama fardagaári vöfðu verið veittar Sveini þessum, og af 60 kr., sem ákveðið var á fundinum að veita honum fyrir þann tíma, sem eptir var af fardagaárinu, eða af samtals 162 kr. 46 a., sem veitt var handa heimili þessu fardagaárið $18^{93}/_{94}$, skyldu $^{2}/_{7}$, eða 46 kr. 42 a., taldir veittir handa umgetnum tveim börnum Frið-

27. dag nóvembermánaðar 1900.

Reykjavík — Ísafoldarprentsmiðja.